

Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla mánudaginn 7. febrúar 2011 kl. 14.40

Fundinn sátu: Daníela Rún Pálsdóttir og Vésteinn Pétursson fulltrúar nemenda, Margrét Harðardóttir skólastjóri, Bergljót Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara, Sigríður Kragh fulltrúi annarra starfsmanna. Sigrún Snædal Logadóttir og Inga Lísa Sólonsdóttir fulltrúar foreldra, og Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. **Reglur um bekkjarkvöld.** Af fenginni reynslu er þörf á að setja sérstakar vinnureglur um bekkjarkvöld sem eru í umsjá foreldra. Skerpt er á skólareglum og umgengnisreglum í skólanum. Fundarmenn eru sammála og sáttir við tillöguna. Bent á að kanna þarf með kaup á tertugöfflum og diskum til nota á bekkjarkvöldum.
2. **Handbók foreldrafélaga.** Handbókin afhent fulltrúa foreldrafélagsins.
3. **Drög að skóladagatali 2011-2012 lögð fram til kynningar.** Um er að ræða grunn skóladagatalsins sem á eftir að leggja fyrir skólanefnd til samþykktar. Leik- og grunnskólar hafa komið sér saman um skipulagsdaga, vetrarleyfi, skólasetningu og skólaslit auk jólaleyfis.
4. **Ýmsar skýrslur lagðar fram.**
 - a. Hagir og líðan nemenda í 8. – 10. bekk í Garðabæ. Skýrslan hefur verið kynnt á opnum fundi og á vefsíðu Garðabæjar.
 - b. Heilsa og lífskjör 2006 og 2010 er skýrsla þar sem niðurstöður eru flokkaðar eftir svæðum og skólum í 6., 8. og 10. bekk. Nemendur Hofsstaðaskóla standa sig vel m.v. landsmeðaltal og eru rétt fyrir ofan í flestu nema því að þeir borða sælgæti oftari í viku. Þeir borða morgunmat oftari, hreyfa sig oftari, eru minna á netinu og horfa minna á sjónvarp. Fleiri verða aldrei fyrir einelti en landsmeðaltal eða 96% sem er þó of lág tala. Einelti hefur farið minnkandi skv. skýrslunni. Rætt um að betra sé að tilkynna grun um einelti en ekki og þá sé hægt að fara ofan í málin, skoða þau og greina.
 - c. Ungt fólk er könnun sem Rannsókn og Greining gerir árlega í samstarfi við HÍ og er lögð fyrir í 5. – 7. bekk. Könnunin verður lögð fyrir í Hofsstaðaskóla 17. febrúar n.k.
 - d. Sjálfssmatsskýrsla Hofsstaðaskóla. Skólastjóri gerði grein fyrir því helsta sem fjallað er um í skýrslunni s.s. tengslakannanir og viðhorfakannanir auk leiðsagnarmats.
5. **Fjárhagsáætlun Hofsstaðaskóla 2011 lögð fram.** Skólastjóri gerði grein fyrir því helsta sem þar er. Vörkuupaliðir hafa ekki hækkað sl. fimm ár þrátt fyrir verðhækkanir. Rafmagn og hiti hefur þó verið hækkað. Ekki er gert ráð fyrir niðurskurði á næsta skólaári hvorki í kennslumagni né starfsliði. Fjöldi nemenda gerir skólann hagstæðan rekstrarlega þótt þrengi að hvað húsnæði varðar. Spurt var um tengingu Hofanna sem var kynnt fyrr í veturni en engin formleg svör hafa borist um það.
6. **Önnur mál.**
 - a. Fréttir úr skólastarfinu. Starfið hefur gengið vel í veturni og nemendur eru til fyrirmynnar. Grænfáninn var endurnýjaður í síðustu viku og nemendur í 1. bekk héldu 100 daga hátið. Framundan er þorrablót 6. bekkinga og Stóra upplestrarkeppnin. Skólokórið hefur verið endurvakin og er það mjög ánægjulegt og taka margir nemendur þátt í honum þó eingöngu stúlkur.
 - b. Nemendum finnsta að byrja eigi fyrr á fræðslu um ávana- og fíkniefni s.s. munntóbak. Fulltrúi kennara svaraði því til að það væri einmitt búið að færa námsefni til þannig að um þetta málefni verður fjallað í 6. bekk í veturni.